

Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgarbyggð  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes



Reykjavík 9. janúar 2017  
UST201611-186/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Syðri-Hraundals 2, Borgarbyggð


Vísað er til erindis skipulags- og umhverfissviðs Borgarbyggðar er barst 25. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi svæðis í landi Syðri-Hraundals 2.


### Skipulagssvæðið

Áætlað er að deiliskipuleggja 11,9 ha svæði syðst á jörðinni Syðri-Hraundalur 2. Í lýsingu kemur fram að markmiðið með deiliskipulagningu er að skilgreina eina lóð fyrir íbúðarhús, aðra fyrir vinnustofu og þá þriðju fyrir hesthús.

Í lýsingu kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er á skipulagssvæðinu skilgreindur landbúnaður, og einnig hverfisvernd, flóar og birkikjarr. Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram í gr. 61 að votlendi 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri njóta sérstakrar verndar, einnig kemur fram að sérstæðir birkiskógar og leifar þeirra njóti sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun bendir á að við gerð þess skipulags er lýsingin fjallar um, þurfi að taka tillit til votlendis og birkikjarris og forðast röskun slíkra svæða eins og kostur er.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur